

## Fundargerð

Starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga

Dags: 25.02.2023 kl. 10:00-11:00

**Fundinn sátu** : Haraldur Þór Jónsson, Jónína Brynjólfsdóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Helgi Gíslason, Jón G. Valgeirsson, Daði Már Kristjánsson, Þorsteinn Stefánsson og Jóhannes Á Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

### 1. Kynning á fyrstu drögum að líkani

Þorsteinn kynnti fyrstu drög að líkani (formúlu) sem hægt væri að styðjast við vegna útreikninga á mögulegum tekjum sveitarfélaga af orkuframleiðslu.

Umræður hófust svo kjölfarið og komu fram ýmsar ábendingar.

Fundarmenn voru almennt ánægðir með þessa kynningu og telja að þær hugmyndir sem þar komu fram munu gagnast vel.

Ákveðið var að halda fund á þriðjudaginn 5 september kl. 08:20 með Þorsteini. Á þeim fundi verður stjórn Samtaka orkusveitarfélaga boðið að taka þátt.

Fundi slitið kl. 11:00